

4.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 16.apríl 2025 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, 2.varamaður Róbert Ingólfsson Ánesi 2, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Úlfar Eyjólfsson er með á fjarfundi.

Oddviti ritar fundargerð og óskar samþykkis vegna tveggja mála sem þarf að bæta inn, en komu of seint til að vera komin inn á fundarboðið og verða þau tekin fyrir númer 11. og 12.

Dagskár;

1. Aðalskipulag Árneshrepps, tilboð frá VSÓ ráðgjöf ehf, lagt fram til umræðu og kynningar
  2. Eftirlitsnefnd, fyrirspurn vegna nýgerðra kjarasamninga við kennara, lagt fram til kynningar.
  3. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, lagt fram til kynningar.
  4. Samþykkt um breytingu á samþykkt um Stjórn Árneshrepps viðauki vegna velferðarmála.Innviðaráðuneytið.
  5. VesturVerk... bréf til kynningar.
  6. Kaup á slökkviliðskerru með dælu, nýjustu fréttir .
  7. Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga.
  8. Bréf frá byggingarfulltrúa vegna teikninga af Kaupfélagshúsi.
  9. Fjórðungssamband Vestfirðinga, 70.fjórðungsping að vori.
  10. Óformlega viðræður við Kaldrananeshrepp varðandi sameiningu.
- 
1. Aðalskipulag Árneshrepps, tilboð frá VSÓ ráðgjöf ehf, lagt fram til umræðu og kynningar. Farið var yfir tilboðið varðandi endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og bornar saman tölur frá öðrum aðila. Hreppsnefnd ákvað að fá tilboð frá einum aðila til viðbótar til þess að bera betur saman kostnað, vinnutíma og fleira.
  2. Eftirlitsnefnd, fyrirspurn vegna nýgerðra kjarasamninga við kennara, lagt fram til kynningar. Oddviti mun skrifa nefndinni varðandi fjarmál sveitarfélagsins vegna kennarasamningana.

3. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, lagt fram til kynningar.

339.

1. Samþykkt um breytingu á samþykkt um Stjórn Árneshrepps, viðauki vegna velferðarmála. Oddviti lagði Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Árneshrepps fram til kynningar.
2. VesturVerk, bréf til kynningar. Athugasemdir varðandi liðinn Vegamál eru nokkrar, Íbúar álíta að heilsársvegur sé ekki síst fyrir íbúana sjálfa og vilja að það komi skirt fram framvegis.
3. Kaup á slökkviliðskerru með dælu, nýjustu fréttir. Fyrsta greiðsla hefur verið innt af hendi og sú síðari verður greidd þegar kerran er komin í Árneshrepp. Næsta skref verður að finna stað þarf sem hægt að fá aðstöðu fyrir tækið.
4. Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga. Samkvæmt lögum frá 1996 skal starfa samstarfsnefnd sveitarfélaga og lögreglu, haldinn verður fjarfundur varðandi málið þann 14.maí n.k. kl. 10:00.
5. Bréf frá byggingarfulltrúa vegna teikninga af Kaupfélagshúsi. Talað verður við GM Hönnun ehf vegna teikninga af Kaupfélagshúsinu. Einnig var rætt um rýmið sem nú mun losna og hugmyndir um notkun.
6. Fjórðungssamband Vestfirðinga, 70.fjórðungsping að vori. Fundargögnin lög fram til kynningar.
7. Óformlega viðræður við Kaldrananeshrepp varðandi sameiningu. Umræður fóru fram um sameiningarmál á fundinum.
8. Lóðamál í Norðurfirði. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju með nýtt deiliskipulag og samþykkir það einróma.
9. Stjórnasýsluskoðun 2024 var kynnt fyrir hreppsnefnd og farið yfir atriði sem mætti að bæta. Oddvita falið að ræða við persónuverndarfulltrúa varðandi málið.

Feira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.15:30.